



Akureyri, 18.9.2023

## Fjárlaganefnd Alþingis

### Stefán Vagn Stefánsson formaður

Stjórn og starfsfólk Flugsafns Íslands þakkar Alþingi kærlega fyrir veittan stuðning síðastliðin ár. Stuðningurinn hefur treyst rekstrargrundvöll safnsins og verið því afar þýðingarmikill.

Flugsafn Íslands er eina viðurkennda safnið á landinu sem hefur það meginhlutverk að standa vörð um íslenska flugsögu; safna og varðveita muni og aðrar heimildir sem tengjast flugsögu Íslendinga og miðla á þeim grunni fróðleik til allra aldurshópa á fjölbreyttan hátt. Þessu hlutverki hefur Flugsafnið reynt að sinna þannig að sómi sé að og hefur styrkur fjárlaganefndar skipt þar sköpum.

Undanfarin ár hefur verið unnið ötullega að því að efla faglega starfsemi safnsins og tryggja varðveislu flugminja landsins. Vel hefur tekist til og samkvæmt skýrslu eftirlitsaðila Safnaráðs, sem gerði úttekt á Flugsafninu í lok síðasta árs, er varðveisla safnsins til fyrirmyndar. Þá hefur verið lögð áhersla á að efla fræðsluhlutverk safnsins og hefur heimsóknnum skólahópa fjölgað mikið undanfarin ár. Sömu sögu er að segja af almennri aðsókn en hún hefur aukist um tæp 50% frá árinu 2019.

Frá árinu 2013 hefur Flugsafnið nýst sem námsvettvangur fyrir flugvirkjanema Tækniskólans og hafa nú um 200 nemendur stundað hluta af flugvirkjanámi sínu í Flugsafninu við einstakar aðstæður sem ekki er að finna annars staðar á landinu. Í upphafi árs 2024 mun tíundi árgangurinn hefja nám í safninu.

Við, sem að Flugsafni Íslands stöndum, höfum metnað og vilja til þess að halda áfram á sömu braut enda verkefnið ærin. Til þess að svo megi verða þarf rekstrargrundvöllur safnsins að vera tryggur. Með erindi þessu óskum við því eftir áframhaldandi stuðningi fjárlaganefndar Alþingis fyrir árið 2024, að upphæð 12 milljónir króna.

Með vinsemi og virðingu,

Hörður Geirsson stjórnarformaður

Steinunn María Sveinsdóttir safnstjóri